



Logafold

safnaðarblað grafarvogssóknar

1. tbl. 26. árg. 2014

Grafarvogssókn 25 ára



Gleðilega páska

KRÓNANAN - fyrst og fremst ódýr!

NÝTT



SUSHI

Í KRÓNUNNI
BÍLDSHÖFÐA

OPIÐ ALLA DAGA 10-20

T O K Y O sushi
EXPRESS



**GÓMSÆTIR
SUSHI BITAR**
ÚTBÚNIR JAFNÓÐUM
DAGLEGA

Kæru sóknarbörn í Grafarvogssókn!

Í ár eru liðin 25 ár frá stofnun Grafarvogssóknar. Grafarvogssókn nær yfir svæði sem afmarkast af Elliðaám í vestri, Vesturlandsvegi í suðri og borgarmörkum Reykjavíkur við Blikastaði í austri en síðan ströndinni í norðri. Sóknin nær því yfir Grafarvogshverfin öll, hluta Ártúnshöfða og Bryggjuhverfið. Grafarvogssókn var áður hluti Árbæjarsóknar og var þjónustað þaðan í byrjun.

Árið 1989 var sóknin formlega stofnuð og til safnaðarins er ráðinn sóknarprestur, séra Vigfús Þór Árnason. Fljótlega er farið að ræða um byggingu kirkju og á árinu 1991 er fyrsta skóflustungan tekin. Kirkjan er síðan byggð upp en aðeins neðri hæð hennar tekin í notkun og vígð í desember 1993. Það er svo ekki fyrr en 18. júní árið 2000 að kirkjan sjálf er vígð, eða fyrir réttum 14 árum.

Í upphafi var tekin sú meðvitaða ákvörðun að byggja kirkju þótt ekki væru til peningar í sjóðum. Var farin sú leið að taka lán og voru þau verðtryggt með fyrirframgreiddum vöxtum, þ.e. gefin voru út verðbréf sem seld voru með afföllum. Þessi lán voru síðan endurfjármögðuð og bætt við þau á árinu 2000 þegar kirkjan sjálf var innréttuð og vígð. Það eru því sambærilegar aðstæður hjá sókninni og fjölda íbúa Grafarvogs að fjármögnun þeirra á íbúðarhúsum sínum og safnaðarins á kirkjunni sinni er með lánnum sem eru verðtryggt.

Grafarvogssókn skuldar mikið og ekki lagaði „hrunið“ þá stöðu. Ekkert hefur verið afskrifað eða fengist til baka. Það þarf þó ekki að örvænta því söfnuðurinn er fjölmennur og verður það áfram. Sóknargjöldin hafa að vísu ekki skilað sér eins og lög gera ráð fyrir en vonandi stendur það til bóta, þannig að tekjur safnaðarins standi undir lánnum og eðlilegum rekstri safnaðarins. Mikilvægt er þó að kirkjan hefur ávallt staðið í skilum. Kirkjubyggingin á að endast í áratugi ef ekki árhundruð og því er eðlilegt að lánin greiðist á löngum tíma.

Í ár er metnaðarfull dagskrá í kirkjunni okkar vegna þessara tímamóta og ber þar hæst tónlistardagskrá í apríl og maí sem kynnt er hér í blaðinu. Verið er að undirbúa útgáfu á sögu Grafarvogssóknar í þessi 25 ár og verður sóknarbörnum og öðrum velunnurum kirkjunnar boðið á næstunni að gerast áskrifendur að bókinni. Það er gert með því að kaupa heillaóskalínu og fær þá viðkomandi nafn sitt birt í afmælisbókinni. Ég vona að útgáfu bókarinnar verði vel tekið og sem flestir vilji sjá nöfn sín á heillaóskalistanum. Bókin mun koma út á haustdögum.

Þá ber að geta þess að í apríl verður vígt Kirkjusel hér í Grafarvogi. Kirkjuselið er staðsett í Menningar- og þjónustumiðstöðinni í Spönginni og er byggt af Reykjavíkurborg í samstarfi við kirkjuna og Eir. Fyrir utan Kirkjuselið mun Menningar- og þjónustumiðstöðin hýsa dagþjónustu fyrir aldraða og þar mun Félag eldri borgara í hverfinu, Korpúlfarnir, hafa sína góðu aðstöðu. Það er von okkar að með tilkomu Kirkjuselsins verði starf kirkjunnar í efri hverfunum mun öflugra en nú er.

Allt árið, eins og önnur ár, er haldið úti öflugum kirkjustarfi. Á hverjum helgidegi er messa eða guðsþjónusta svo og athafnir og samkomur hinna ólíku hópa sem tengjast kirkjustarfinu. Allir eru hvattir til að koma og njóta þess sem í boði er.



Það fer ekki hjá því að á þessum árum, sem hafa liðið frá stofnun Grafarvogssóknar, hefur komið að starfi safnaðarins fjöldi fólks sem hefur lagt sitt í starfið bæði stórt og smátt. Ég ætla ekki að fara að telja alla upp hér sem lagt hafa hönd á plóg og eiga sérstakar þakkir skildar en fyrir utan sóknarprestshjónin, sr. Vigfús Þór Árnason og Elínu Pálsdóttur, verð ég að nefna fyrsta kirkjuvörðinn hana Valgerði Gísladóttur sem á fyrstu árunum lagði ekki bara starfskrafta sína til kirkjunnar heldur líka hug sinn og sál. Öllum öðrum sem að starfinu hafa komið þakka ég einnig af heilum hug og hjarta. Ómetanlegt starf þeirra hefur skilað okkur fram á veg.

Megi góður Guð varðveita starf Grafarvogssafnaðar nú og um alla framtíð.

*Bjarni Kr. Grímsson
formaður sóknarnefndar*

Grafarvogssókn 25 ára

Í Logafold, safnaðarblaði Grafarvogssóknar, sem kom út fyrir síðustu jól, greindi ég frá því að Grafarvogssöfnuður héldi upp á 25 ára afmæli sóknarinnar á þessu ári, árinu 2014. Sóknin var stofnuð þann 5. júní árið 1989.



Fyrsta sóknamefnd Grafarvogskirkju

Saga safnaðarins er sérstök um margt. Í fyrstu var söfnuðurinn ekki fjölmennur taldi rúmlega þrjú þúsund sóknarbörn. Á tíu árum fjölgaði sóknarbörnunum að meðaltali um eitt hundrað í hverjum mánuði. Í dag eru sóknarbörnin um 19 þúsund og verða án efa um 20 þúsund með vaxandi byggð í Bryggjuhverfinu og víðar. Ákveðið var á sínum tíma að ein kirkja yrði í Grafarvogi með starfsstöðum úti í hverfunum. Mikið starf hefur því farið fram í Borgarholtsskóla og í grunnskólum Grafarvogs. Í Grafarvogi er eitt Íþróttafélag, Ungmennafélagið Fjölnir, eitt félag eldri borgara, Korpúlarnir, ein sundlaug og þannig mætti lengi telja. Lögð hefur verið áhersla á að samfélagið hér sé eitt, Grafarvogur. Mörgum íbúum finnst sem þeir séu komnir í annað byggðarlag er þeir aka yfir hina „Gullnu brú“ þó við, íbúar Grafarvogs, tilheyrum eðlilega höfuðborginni Reykjavík.

Vegna mikillar fjölgunar sóknarbarna á liðnum árum fjölgaði þjónandi prestum ört í Grafarvogssókn. Í fyrstu var aðeins einn þjónandi prestur en undanfarin ár hafa fjórir prestar þjónað söfnuðinum. Fjölgun sóknarbarna kallaði eðlilega á betri aðstöðu til safnaðarstarfsins.

Til að byrja með fór allt safnaðarstarfið fram í Félagsmiðstöðinni Fjörgyn í Foldaskóla. Fermingarfræðslan fór þó fram



Fyrsta prédikan nýkjörins sóknarprests sr. Vigfúsar Þórs Árnasonar flutt í innsetningarguðsþjónustu í Félagsmiðstöðinni Fjörgyn árið 1989

í tveimur skólum í sókninni, Foldaskóla og Hamraskóla. Samvinna við skólayfirvöld og kennara var einstaklega farsæl og blessunarrík og fyrir það ber að þakka.



Fyrsti fundur sóknamefndar með prestshjónunum

Mikill og sterkur andi frumherjanna, frumkvöðlanna, skapaðist fljótt í sókninni. Fyrsta sóknamefndin var kjörin 1989 og var hún ásamt sóknarpresti í fararbroddi við að „ýta starfinu úr vör.“ Strax í upphafi starfsins var aðaláherslan lögð á það að söfnuðurinn eignaðist sem fyrst sína starfsaðstöðu, sína eigin kirkju.



Fyrsta skóflustunga að Grafarvogskirkju



Byggingarnefnd kirkjunnar. Talið frá vinstri: Sigurbór Guðmundsson, formaður, Bjarni Jónsson, Haraldur Pálsson, sem er látinn, Sigurður Kristinsson og sr. Vigfús Þór Árnason

Því var ákveðið að efna til samkeppni með kirkjubyggingu. Haft var samband við margar arkitektastofur í borginni og þær beðnar um að taka þátt í samkeppni með kirkjubyggingu í hverfinu.



Arkitektar og formaður byggingarnefndar við víslu neðri hæðar Grafarvogskirkju



Krossinn reistur

Fyrir valinu varð Arkitektastofa Finns Björgvinssonar og Hilmars Þórs Björnssonar.

Teikningin af kirkjunni, arkitektúr kirkjunnar, hefur vakið athygli bæði hér heima og erlendis. Myndir af kirkjunni og grein um kirkjubygginguna hafa birst í blaði arkitekta „DESIGN from SCANDINAVIA.“



Neðri hæð kirkjunnar var vígð þann 12. desember árið 1993. Gífurleg breyting varð eðlilega á öllu safnaðarstarfinu við vígsluna. Á neðri hæð kirkjunnar fór allt



Frá vígslu neðri hæðar Grafarvogskirkju 12. desember 1993

safnaðarstarfið fram í sex og hálf ár. Þar voru einnig skrifstofur prestanna, sem voru orðnir tveir á árinu 1995.

Eftir að sóknarnefndin og sóknarprestur höfðu hafið safnaðarstarfið leiddi eitt af öðru í uppbyggingunni.



Kór Grafarvogskirkju við upphaf starfsins ásamt Sigríði Jónsdóttur, kórstjóra og organista



Kór Grafarvogskirkju syngur undir stjórn Hákonar Leifssonar organista og tónlistarstjóra

Kirkjukór Grafarvogskirkju var stofnaður í Foldaskóla við upphaf safnaðarstarfsins hvar hann æfði í skólafestu fyrstu árin. Um tíma störfuðu fimm kórar við kirkjuna. Í dag eru þeir fjórir, Kór Grafarvogskirkju, Vox populi, Kammerkór Grafarvogskirkju og Stúlnakór Reykjavíkur í Grafarvogskirkju. Safnaðarfélag Grafarvogskirkju var stofnað



Fyrsta stjórn Safnaðarfélags Grafarvogskirkju. Aftari röð frá vinstri: Theodor Carl Steinþórsson, Kristín Aðalsteinsdóttir og Sigurbjörg Guðmundsson. Fremri röð frá vinstri: Sigurlín Ellý Vilhjálmssdóttir, Valgerður Gísladóttir, formaður, og Elín Pálsdóttir



Stjórn Safnaðarfélags Grafarvogskirkju 2013. Talið frá vinstri: Stefánía Baldursdóttir, Rósa Jónsdóttir, Elín Pálsdóttir, Bergþóra Valsdóttir formaður, Edda Jónsdóttir, Jónína Jóhannsdóttir og Jóhanna Þorleifsdóttir

1990, á ársafmæli safnaðarins, og mun því halda upp á 25 ára afmæli sitt á næsta ári. Ákveðið var að kalla félagið ekki kvenfélag heldur Safnaðarfélag þar sem bæði konur og karlar eru boðin velkomin. Félagið hefur allt frá upphafi verið helsti bakhjarl kirkjunnar í blómlegu safnaðarstarfi.



Ingí Þór Hafbergsson

fv. æskulýðsfulltrúi

Gunnar Einar Steingrímsson

djákni og fv. æskulýðsfulltrúi

Þóra Björg Sigurðardóttir

æskulýðsfulltrúi



Félagar úr Æskulýðfélaginu

Æskulýðsfélag Grafarvogskirkju var stofnað í upphafi safnaðarstarfsins og hefur starfað með glæsibrag í gegnum árin. Í dag stjórnar æskulýðsfulltrúi Grafarvogskirkju æskulýðsstarfinu.



Þáverandi forseti Íslands frú Vigdís Finnbogadóttir heimsækir eldri borgara

Starfsemi fyrir eldri borgara í Grafarvogskirkju hófst fljótlega eftir að neðri hæð kirkjunnar var tekin í notkun. Í fyrstunni var hópurinn lítill. Við vorum aðeins sex á fyrsta fundinum en í dag telur hópurinn um 70 manns. Samverustundir eldri borgara eru vikulegar og hefjast ávallt með helgistund. Þar að auki er farið í ferðir út á land.

Safnaðarstarfið hefur svo sannarlega verið og er fjölbætt. Foreldramorgnar hafa verið



Þoraglegði eldri borgara

haldnir í kirkjunni gegnum árin. Bænahópur hefur starfað á sunnudagskvöldum. Sorgarhópar hafa verið starfræktir sem og hjónabandshópar sem hafa borið nafnið „Að lifa í sátt og samlyndi.“



Barnamessa í Félagsmiðinni Fjörgyn í Foldaskóla

Í sókninni, sem oft hefur verið nefnd „barnasóknin,“ er mikill fjöldi barna enda er Grafarvogur fjölmennasta barnahverfi þjóðarinnar.



Guðrún Loftsdóttir og Valgerður Gísladóttir fv. umsjónarmenn barnastarfs Grafarvogskirkju



Barnamessuferð



Jólastund barnanna

Barna- og æskulýðsstarf og ekki síst allt starfið í kringum fermingarbörnin hefur því mótað kirkjustarfið í gegnum árin. Fystu 3 árin fóru fermingar í sókninni fram



Fermingarbörn frammi fyrir altarinu


í Árbæjarkirkju. Fjöldi fermingarbarna í Grafarvogi var um 330 eitt árið. Nú í vor munu 230 börn fermast í kirkjunni. Um eðlilega fækkun fermingarbarna er að ræða þar sem meðalaldur íbúa í elstu hverfum sóknarinnar hefur hækkað töluvert síðustu árin.

Í hverri viku eru haldnar guðsþjónustur sem allt starfið grundvallast á. Oft hafa verið haldnar fjórar guðsþjónustur á helgum sunndegi. Almennar guðsþjónustur í kirkjunni og í Borgarholtsskóla síðustu árin sem og barnaguðsþjónustur á sömu stöðum.

Allt frá upphafi starfsins hafa guðsþjónustur safnaðarins verið vel sóttar. Vissulega hafa fermingarbörnin og foreldrar þeirra sett sterkan svip á guðsþjónustuhaldið en fjöldi fermingarbaranna er mikill eins og fram hefur komið. Sóknarnefndarfolk og messuþjónar hafa einnig haft mikil og góð áhrif á helgihald kirkjunnar.

Messað hefur verið reglulega á Hjúkrunarheimilinu Eir síðustu tuttugu árin og helgistundir eru haldnar þar í viku hverri og nú einnig í Eirborgum.

Í hverri viku er kyrrðarstund haldin í kapelli kirkjunnar. Fyrst er stutt helgistund en síðan er boðið upp á léttan hádegisverð og málefni dagsins rædd. Þetta samfélag er mjög svo uppbyggilegt.



Herra Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands vígr Grafarvogskirkju á Kristnihátíðarári, 18. júní árið 2000



Prestar Grafarvogskirkju á vígsludegi 18. júní árið 2000 Talið frá vinstri: sr. Anna Sigríður Pálsdóttir, sr. Sigurður Arnarson og sr. Vigfús Þór Arnason sóknarprestur



Kór Grafarvogskirkju árið 2000 ásamt Herði Bragasyni kórstjóra og organista

Eftir vígslu kirkjunnar þann 18. júní á árinu 2000 fjölgaði athöfnum í kirkjunni til muna og má segja að í dag fari athafnir fram í kirkjunni meira og minna alla daga vikunnar.



Fyrsta skírmin í nývígðri Grafarvogskirkju 18. júní árið 2000

Við vígsluna, en kirkjan var vígð af þáverandi biskupi Íslands, Herra Karli Sigurbjörnssyni, afhenti þáverandi forsætisráðherra Davíð Oddsson kirkjunni



Fv. forsætisráðherra Davíð Oddsson afhendir listaverkið Kristnitakan árið 1000 við vígslu kirkjunnar árið 2000. Gjöfin er tileinkuð æsku landsins

að gjöf listaverk, altariistöflu úr steindu gleri, eftir hinn góðkunna listamann Leif Breiðfjörð. Verkið ber nafnið *Kristnitakan árið 1000*. Listaverkið sem hefur vakið þjóðarathygli er gjöf til æsku landsins frá ríkisstjórn Íslands á Kristnihátíðarári, árið 2000.

Forseti Íslands, Herra Ólafur Ragnar Grímsson, nefndi það á fimmtíu ára



Leifur Breiðfjörð höfundur listaverksins *Kristnitakan árið 2000*

afmæli Lions á Íslandi, sem var haldið í Grafarvogskirkju, að íslenska þjóðin hefði eignast nýja þjóðargersemi „National Treasure“ með listaverki Leifs Breiðfjörðs *Kristnitakan árið 1000*. Verkið hefur verið rómað víða um heim.

Grafarvogskirkju prýða fleiri listaverk og má þar nefna altarisgripi, skírnarfonta og forkunnarfagan bænstjaka í anddyri kirkjunnar sem Stefán Bogi Stefánsson gullsmiður hannaði og smíðaði.



Stefán Bogi Stefánsson gullsmiður



Skemmtilegt er að greina frá því að kirkjuvígslunni, athöfninni sjálfri, var sjónvarpað beint um allt land á Skjá einum. Í þrjú ár sjónvarpaði stöðin einnig beint frá aftansöng í Grafarvogskirkju. Síðustu tíu árin hefur Stöð 2 sjónvarpað beint frá aftansöngnum víða um heim. Miklar þakkir hafa borist til okkar vegna aftansöngsins alla leið frá Ástralíu og víðar að.

Hér má geta um einstakt samstarf við Grafarvogsblaðið, sem einnig á 25 ára starfsafmæli á þessu ári, en blaðið hefur fjallað um og greint vel frá öllu starfi safnaðarins í gegnum árin.

Í kirkjunni eru margrómuð málverk eftir listmálarann Magnús Kjartansson. Eiga þau öll trúarlegan uppruna. Margir hafa haft orð á því að þau séu þeirrar gerðar að það sé eins og listamaðurinn Magnús hafi málað þau með Grafarvogskirkju í huga.



Listaverk Magnúsar Kjartanssonar í Grafarvogskirkju

Eigandi verkanna er listakonan Kogga, ekkja Magnúsar.

Í kirkjunni er starfandi listfélag, Listfélag Grafarvogskirkju. Félagið hefur staðið fyrir myndlistarsýningum og ljóðakvöldum þar sem m.a. Grafarvogsskaldin hafa flutt ljóð sín í tónum og tali. Vonandi verður hægt að standa fyrir myndlistarsýningum í Kirkjuselinu í Spönginni.

Orgelnefnd Grafarvogskirkju vinnur að því hörðum höndum að kirkjan eignist hið

Organistar og kórstjórar Grafarvogskirkju í 25 ár



Sigríður Jónsdóttir



Sigurbjörg Helgadóttir



Bjarni Þór Jónatansson



Hörður Bragason



Ágúst Ármann



Hákon Leifsson



Guðlaugur Viktorsson



Hilmar Örn Agnarsson



Áslaug Bergsteinsdóttir



Oddný J. Þorsteinsdóttir



Gróa Hreinsdóttir



Arnhildur Valgarðsdóttir

glæsilega „Roman Seifert“ orgel. Vonandi tekst okkur að ljúka fjármögnun þess í náinni framtíð.

Dagur orðsins hefur verið haldinn hátíðlegur síðustu árin. Hann hefur verið tileinkaður prestum og skáldum. Fjallað hefur verið um séra Sigurbjörn Einarsson biskup, séra Auði Eir, séra Friðrik Friðriksson, eldklerkinn séra Jón Steingrímsson, séra Matthías Jochumsson, séra Matthías Johansen skáld og Elísabetu Jökulsdóttur skáld.

Passíusálmarnir hafa verið fluttir af lærðum



og leiknum í kirkjunni á föstudaginn langa síðastliðin tuttugu ár. Allir sálmarnir hafa verið fluttir. Einnig hafa ráðherrar og þingmenn flutt Passíusálmanna alla virka daga föstunnar síðastliðin 12 ár. Þessum flutningi hefur verið tekið vel.

Í kirkjunni hafa tveir klúbbar aðstöðu sína. Lionsklúbburinn Fjörgyn sem verður 25 ára á næsta ári og Rotaryklúbbur Grafarvogs. AA samtökin í Grafarvogi eiga sitt „heimili“ sinn fundarstað í Grafarvogskirkju og hefur svo verið í fjölmörg ár.

Enn á nýjan leik verða tímamót í kirkjustarfi



Grafarvogssóknar en sunnudaginn 27. apríl nk. kl. 16.00 mun biskup Íslands, séra Agnes M. Sigurðardóttir, vígja Kirkjuselið okkar í Spönginni í Grafarvogi.

Biskupinn mun einning prédika í hátíðarguðsþjónustu sunnudaginn 21. september næstkomandi kl. 11.00. Í kaffi-

samsæti eftir guðsþjónustuna verður Afmælisbók safnaðarins *Grafarvogssókn 25 ára* afhent þeim sem hafa ritað nafn sitt á heillaóskalista, „Tabula gratulatoria“ sem mun birtast fremst í bókinni. Sigmundur Ó. Steinarsson, rithöfundur og ritstjóri hefur verið fenginn til að rita sögu sóknarinnar eins og fram kemur annars staðar hér í blaðinu.

Prestar Grafarvogskirkju í 25 ár



Séra Vigfús Þór Árnason



Séra Sigurður Arnarson



Séra Anna Sigríður Pálsdóttir



Séra Bjarni Þór Bjarnason



Séra Lena Rós Matthíasdóttir



Séra Guðrún Karls Helgudóttir



Séra Elinborg Gísladóttir



Séra Sigurður Grétar Helgason



Séra Petrína Mjöll Jóhannesdóttir

Formenn sóknarnefndar Grafarvogssóknar frá upphafi



Ágúst Ísfeld



Magnús Ásgeirsson



Bjarni Kr. Grímsson

Við lok þessarar yfirlitsgreinar vil ég færa öllum í söfnuðinum hugheilar þakkir fyrir einstakt framlag til að gera safnaðarstarfið lifandi og virkt. Svo lifandi og virkt að eftir hefur verið tekið. Megið þið öll hafa bestu þakkir fyrir að byggja upp og rækta trú ykkar, hina lifandi trú, í samfélaginu í Grafarvogskirkju.

Sóknarnefndir á liðnum árum



Sóknarnefnd á árinu 2005 ásamt prestum Grafarvogssóknar. Á myndinni eru í öftustu röð frá vinstri: Einar Snorri Sigurjónsson, Ingjalður Eiðsson, Teitur Gunnarsson, Ingvar Haraldsson og Björn Erlingsson safnaðarfulltrúi. Önnur röð frá vinstri: Hilmar Einarsson, Steingrímur Björgvinsson, Valmundur I. Pálsson gjaldkeri, Sigurður Kristinsson form. byggingarnefndar, Ágúst Victorsson og Bjarni Kr. Grímsson formaður. Fremsta röð frá vinstri: sr. Elinborg Gísladóttir, sr. Lena Rós Matthíasdóttir, Elísabet Gísladóttir, Kristín Vigfúsdóttir, Hulda Björg Rósarsdóttir, Anna Guðrún Sigurvinsdóttir, Hildur Gunnarsdóttir ritari, sr. Vigfús Þór Árnason sóknarprestur og sr. Bjarni Þór Bjarnason.



Sóknarnefnd Grafarvogskirkju á tíu ára vigsluaftæli kirkjunnar. Á myndinni eru í fremri röð frá vinstri: Valmundur Pálsson gjaldkeri, Kristjana Friðbjörnsdóttir, Sigríður Halldórsdóttir, Pálína Ósk Einarsdóttir, Björg Blöndal, Hilmar Einarsson og Anna Guðrún Sigurvinsdóttir Aftari röð frá vinstri: Elísabet Gísladóttir, Ágúst Victorsson, Ólafur Bergmann, Ingjalður Eiðsson, Sigurður J. Kristinsson form. byggingarnefndar, Björn Erlingsson safnaðarfulltrúi, Bjarni Kr. Grímsson formaður og Jón G. Hauksson.

Starfsmenn í starfi eldri borgara



Valgerður Gísladóttir



Edda Jónsdóttir



Jónína Jóhannsdóttir



Óla Kristín Freysteinsdóttir



Stefanía Baldursdóttir



Linda Jóhannsdóttir

Fyrirverandi kirkjuverðir Grafarvogskirkju



Valgerður Gísladóttir



Þórunn Arnardóttir



Erna Reynisdóttir ritari



Anna Einarsdóttir kirkjuvörður



Þórkátla Pétursdóttir kirkjuvörður

Núverandi starfsmenn Grafarvogskirkju

Kæru sóknarbörn!

Til hamingju með árin 25. Guð blessi ykkur og allt safnaðarstarf í Grafarvogssókn um ókomna tíð!

Páskaeggjábíngó

Hið árvissa og vinsæla páskaeggjábíngó Safnaðarfélagsins verður haldið mánudaginn 14. apríl kl. 19.30 í safnaðarsal kirkjunnar
Fólk er hvatt til að mæta tímanlega

Allir velkomnir

Vigfús Þór Árnason
sóknarprestur

Saga tónlistar í Grafarvogskirkju



Á síðastliðnum 25 árum, eða frá því sóknin var stofnuð, hefur tónlist verið snar þáttur í allri starfsemi safnaðarins. Margir hæfir og öflugir tónlistarmenn hafa lagt gjörva hönd á plóg á þessum árum og hafa fyllt starf kirkjunnar lífi og inntaki í öllu helgihaldi. Þeir hafa fært okkur gleðióma, tóna sem hafa fært okkur nær andanum í okkar annars helga og glæsilega húsi.

Á þessum tímamótum er öllum þessum tónlistarmönnum kirkjunnar þökkun störf sín og framlag til safnaðarins, störf sem í einhverjum skilningi verða aldrei metin til fjár. Svo mörg eru nöfn þeirra, sem hafa lagt gjörva hönd á plóg tónlistarinnar, að erfitt er að telja þau öll upp en hafi allir þessir merku tónlistarmenn hugheilar þakkir fyrir framlag sitt til kirkjustarfsins, starfs sem hefur gríðarlega víðtækt menningarlegt gildi.

Oft var þröngt í búi á fyrstu árum safnaðarins. Messað í skólastofum og seinna á neðri hæð kirkjunnar á byggingarárum hennar. Oft var þröng í vistarverum helgihaldsins en á þeim stundum var tónlistin aflið sem gaf þröngum aðstæðum þriðju víddina, færði þrönga vegg hennar og víkkaði hið andlega sjónarhorn helgihaldsins.

Sökum þess að kirkjan hafði ekki og hefur enn ekki eignast veigamikil orgel, þá hefur

áhersla safnaðarins alla tíð verið í ríkum mæli á sönglist og almennan hljóðfærslátt í öllu helgihaldi. Tónlistarmálin hafa því í Grafarvogskirkju þróast með eilítið öðrum hætti en í öðrum kirkjum landsins.

Söfnuðurinn sá snemma ástæðu til þess að reka myndarlegt kórastarf við kirkjuna. Margir merkir tónlistarmenn störfuðu ötullega við kirkjuna á þessum 25 árum og margir tónlistarsigar unnust. Margar af perlum tónbókmenntanna voru fluttar svo sem Gloria eftir Vivaldi, Carmina Burana og eins ný tónverk. Þar á meðal var Brynjólfsmessa Gunnars Þórðarsonar frumflutt með stórrí hljómsveit, kór og einsöngvurum svo lítið eitt sé nefnt.

Á árunum fyrir hrun störfuðu fimm áhugamanna kórar og fjórir kórstjórar við kirkjuna. Þrjár barnakórar, safnaðarkór og gospelkór. Á árunum eftir hina miklu efnahagslægd árið 2008 lækkuðu hins vegar sóknartekjur kirkjunnar til mikilla muna og gripið var til þess ráðs að endurskoða allan rekstur hennar. Leggja þurfti niður barnakórana um tíma og draga saman allt tónlistarstarf, fara vel með og gera mikið úr litlu. Eilítið hefur starfið náð bata sínum aftur og með ráðdeild hefur starfið eflst svolítið á nýjan leik. Í dag starfa fjórir kórar við kirkjuna, safnaðarkór, gospelkór, kammerkór og barnakór.



Hákon Leifsson

Þessi fjölbreytilega sönglist hefur borið uppi fjölbreytt helgihald kirkjunnar og mun gera enn um hríð. Starfið er menntandi og hefur haft gríðarlegt uppeldisgildi fyrir hina ýmsu þátttakendur kóranna. Hugur safnaðarins til þess að eignast orgel eflist með hverju árinu og myndarupphæð fjármuna hefur safnast til kaupa á vönduðu orgeli. Það er mín ósk að tónlistarlíf Grafarvogskirkju haldi áfram að dafna ár frá ári um ókomna tíð eins og það hefur gert á síðastliðnum 25 árum.

Hákon Leifsson
tónlistarstjóri Grafarvogskirkju



Ferming 17. mars 2013 f.h.: séra Vigfús Þór Árnason sóknarprestur og séra Guðrún Karls Helgudóttir ásamt fermingarbörnum.

Arnar Logi Guðjónsson, Árni Theodór Atlason, Birgir Freyr Arnarsson, Bjarni Alvar Kjartansson, Daði Arnarson, Elfar Snær Arnarson, Emílija Katrín Böðvarsdóttir, Guðrún Þóra Atladóttir, Heiðar Örn Árnason, Íris Birna Arnarsdóttir, Kristín Birta Atladóttir, Ragna Guðrún Snorradóttir, Salka Rán Ragnarsdóttir Thorarensen, Sigurður Snær Sívertsen, Sigurjón Óli Gunnarsson, Sóley Ögmundsdóttir, Stefanía Einarsdóttir, Theódóra Steinunn Valtýsdóttir og Valdimar Sæmundsson.

FERMINGAR Í GRAFARVOGSKIRKJU VORIÐ 2014

Prestar: séra Vigfús Þór Árnason, séra Guðrún Karls Helgudóttir og séra Petría Mjöll Jóhannesdóttir

Sunnudagur 23. mars kl. 10.30

1. Andrea Marín Hafþórsdóttir, Garðsstöðum 41
2. Ásta Kristinsdóttir, Breiðuvík 4
3. Bjarki Gunnar Steinarsson, Krosshömrum 31
4. Eymar Jansen, Hamravík 72
5. Freyr Hlynsson, Barðastöðum 75
6. Guðrún María Jónsdóttir, Hamravík 40
7. Gylfi Blöndal, Breiðuvík 21
8. Heiða Kristinsdóttir, Breiðuvík 4
9. Hrafnhildur Gígja Reynisdóttir, Bakkastöðum 143
10. Hugli Rafn Stefánsson, Breiðuvík 21
11. Inga Lára Valdimarsdóttir, Stakkhömrum 3
12. Írena Mjöll Ólafsdóttir, Brúnastöðum 15
13. Katla Björg Jónsdóttir, Ljósuvík 54
14. Mikael Máni Vidal, Hamravík 30
15. Ósk Reynisdóttir, Barðastöðum 15
16. Patrik Harðarson, Brúnastöðum 9
17. Rannveig Birta Sigurgeirsdóttir, Bakkastöðum 25
18. Rebekka Rut Birgisdóttir, Krosshömrum 23
19. Sara Mjöll Ólafsdóttir, Brúnastöðum 15
20. Sigurjón Stefán Sævarsson, Bakkastöðum 75
21. Skúli Guðbrandsson, Smáraríma 57
22. Sverrir Árni Benediktsson, Ljósuvík 24

Sunnudagur 23. mars kl. 13.30

1. Aðalgeir Friðriksson, Berjaríma 53
2. Anna Sigrún Davíðsdóttir, Garðsstöðum 9
3. Arnar Snær Fjölsson, Brúnastöðum 33
4. Arnar Leó Kristinsson, Bakkastöðum 17
5. Atli Freyr Sigurðsson, Garðsstöðum 12
6. Axel Hreinn Hilmisson, Berjaríma 28
7. Bjarki Freyr Friðriksson, Smáraríma 67
8. Björgvín Máni Sigurjónsson, Smáraríma 35
9. Daði Snær Hálfðánsson, Ljósuvík 21
10. Einar Örn Stefánsson, Gautavík 9
11. Elvar Már Kristinsson, Bakkastöðum 17
12. Guðrún Elsa Gunnarsdóttir, Vættaborgum 4
13. Gunnhildur Fjöla Ágústsdóttir, Gullengi 6
14. Hekla Valdimarsdóttir, Fróðengi 20
15. Íris Ösp Vilhelmsdóttir, Bakkastöðum 1
16. Krista Björt Dagsdóttir, Garðsstöðum 53
17. María Sól Antonsdóttir, Breiðuvík 5
18. Ólöf Lára Viðarsdóttir, Ljósuvík 15
19. Rakel Ýr Jónsdóttir, Ljósuvík 56
20. Reynir Páll Sigurðsson, Smáraríma 45
21. Rósa Pálsdóttir, Brúnastöðum 44
22. Snædís Birta Ásgeirsdóttir, Sóleyjaríma 47
23. Vignir Freyr Arason, Brúnastöðum 31



Ferming 17. mars 2013 e.h.: séra Vigfús Þór Árnason sóknarprestur og séra Guðrún Karls Helgudóttir ásamt fermingarbörnum.

Andri Freyr Andrússon, Andri Hrafn Ármannsson, Anna Helga Kristjánsdóttir, Arnar Daði Steinþórsson, Aron Can Gultekin, Birta Ýr Jónasdóttir, Bjartur Snær Sigurðsson, Daníel Lilbæk Sörensson, Elísabet Sóldís Þorsteinsdóttir, Elvar Snær Gunnarsson, Fannar Örn Fjölmisson, Freyja Ósk Þórisdóttir, Friðgeir Óli Bjarnason, Garðar Örn Gylfason, Gunnar Ingi Davíðsson, Kári Alexander Þórðarson, Óli Kári Sigurbjörnsson og Unnur Karen Björnsdóttir.

Pálmasunnudagur 30. mars kl 10.30

1. Aldís Lena Sigurvinsdóttir, Vættaborgum 102
2. Briet Hjaltadóttir, Ljósuvík 30
3. Daníel Bjarki Stefánsson, Bakkastöðum 7
4. Eyþór Alexander Hildarson, Bakkastöðum 73a
5. Gauti Snær Haraldsson, Vættaborgum 91
6. Goði Ingvar Sveinsson, Dofraborgum 12
7. Hákon Daði Kjartansson, Laufrima 55
8. Jón Þór Stefánsson, Bakkastöðum 145
9. Karitas Bjarkadóttir, Stakkhömrum 21
10. Katrín Magnúsdóttir, Gautavík 20
11. Kristján Ari Jóhannsson, Bakkastöðum 75
12. Kristján Andri Kristjánsson, Brúnastöðum 11
13. Magnús Þór Guðmundsson, Ljósuvík 52
14. María Lóa Ævarsdóttir, Brúnastöðum 28
15. Sigrún María Arthursdóttir, Brúnastöðum 51
16. Sigurður Leó Fossberg Óskarsson, Ljósuvík 3
17. Snædís Fríða Draupnisdóttir, Bakkastöðum 153
18. Steinþór Ólafur Guðrúnarson, Barðastöðum 9
19. Tinna Maren Jóhannsdóttir, Hamravík 84

Pálmasunnudagur 30. mars kl 13.30

1. Alexander Leó Hafsteinsson, Reyrengrí 10
2. Andri Freyr Thomasson, Vallengi 13
3. Árný Stella Sveinbjörnsdóttir, Fannafold 11
4. Ásgeir Sigurðsson, Vættaborgum 8
5. Dóra Valgerður Óskarsdóttir, Klukkurima 97
6. Elís Heiðar Stefánsson, Vættaborgum 1
7. Fanney Halla Vilhjálmsdóttir, Starengi 56
8. Filip Már Helgason, Reyrengrí 7
9. Goði Hólmar Gíslason, Gullengi 6
10. Ragnheiður Anna Hallsdóttir Reyndal, Miðhúsum 42
11. Sigrún Klara Sævarsdóttir, Goðaborgum 8
12. Sóley Ósk Einarsdóttir, Laufengi 180
13. Viktor Sæberg Elmarsson, Gullengi 37
14. Þorgeir Ingvarsson, Dofraborgum 16

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: sr. Vigfús Þór Árnason sóknarprestur
 Ritari: Erna Reynisdóttir
 Fermingarmyndir / Fleiri myndir: Björg Vigfúsdóttir
 Prentvinnsla: Prenttækni ehf.



Ferming pálmisunnudag, 24. mars 2013 f.h.: séra Vigfús Þór Árnason sóknarprestur og séra Guðrún Karls Helgudóttir ásamt fermingarbörnum. Aníta Sólveig Jóhannsdóttir, Daniel Snær Jóhannsson, Guðmundur Ragnar Tryggvason, Heiðrún Líf Erludóttir, Jasmin Cassandra Routley, Jason Alexander Quinn, Perla Sif Jóhannsdóttir, Raketl Yr Brynjólfsdóttir, Sigurður Már Þórhallsson og Sindri Pálsson.

Sunnudagur 6. apríl kl 10.30

1. Adriana Sandra Sæþórsdóttir, Fannafold 52
2. Agnes Edda Bjarnfreðsdóttir, Suðurhúsum 5
3. Andrea Ósk Harðardóttir, Dverghömrum 20
4. Arnar Geir Líndal, Sveighúsum 12
5. Dagur Ævarr Sigfinnsson, Garðhúsum 40
6. Daniel Örn Árnason, Garðhúsum 1
7. Eðvarð Þór Heimisson, Garðhúsum 41
8. Elvar Otri Hjálmarsson, Reykjafold 4
9. Eyrún Inga Þorbjörnsdóttir, Austurfold 5
10. Hlynur Karl Viðarsson, Fannafold 173
11. Karl Grétar Hlynsson, Dverghömrum 36
12. Kristín María Matthíasdóttir, Dalhúsum 59
13. Petra Ósk Steinarsdóttir, Hverafold 39
14. Sandra Thomsen Halldórsdóttir, Fannafold 7
15. Smári Sigurz, Veghúsum 11
16. Theodór Júlíus Blöndal, Funafold 34

Sunnudagur 6. apríl kl 13.30

1. Arnór Daniel Moncada, Bláhömrum 2
2. Erla Guðrún Þórðardóttir, Frostafold 23
3. Guðmar Guðlaugsson, Logafold 60
4. Guðný Björg Hallgrímsdóttir, Frostafold 31
5. Gunnar Héðinn Hilmarsson, Leiðhömrum 35
6. Gunnar Freyr Ragnarsson, Vesturfold 29
7. Hekla Brá Guðnadóttir, Veghúsum 27
8. Helena Rós Haraldsdóttir, Vallarhúsum 13
9. Hreimur Guðlaugsson, Logafold 60
10. Jakob Hermannsson, Fannafold 25
11. Jenný Jónsdóttir, Garðhúsum 39
12. Karl Stefán Ingvarsson, Vesturfold 11
13. Kári Jón Hannesson, Salthömrum 22
14. Kjartan Ragnarsson, Garðhömrum 2
15. Mikael Geir Baldursson, Logafold 162
16. Mímir Bjarki Pálmason, Hverafold 128
17. Rebekka Mirjam Rafnsdóttir, Flétturima 16
18. Reynir Þór Sigurjónsson, Dalhúsum 29
19. Sandra Björt Árnadóttir, Stakkhömrum 14
20. Tryggvi Snær Tryggvason, Leiðhömrum 6
21. Vilhjálmur Baldvin Árnason, Bäsbruggju 7



Ferming pálmisunnudag, 24. mars 2013 e.h.: séra Vigfús Þór Árnason sóknarprestur og séra Lena Rós Matthíasdóttir ásamt fermingarbörnum.

Arna Lára Hjaltsted, Bjarki Ragnarsson, Björn Aron Jóhannesson, Daniel Logi Árnason, Embla Nanna Þórsdóttir, Freyr Vigfússon, Gerður Sif Heiðberg, Helena Marina Salvador, Herdís Hanna Yngvadóttir, Hermann Orri Svavarsson, Íris Björg Albertsdóttir, Íris Miranda Bonilla, Kristbjörg Elín Þorsteinsdóttir, Kristinn Gísli Gíslason, Kristín Lís Friðriksdóttir, Ólafur Baldur Ingvarsson, Ólafur Einar Ólafsson, Óskar Örn Einarsson, Selma Karólína Eggertsdóttir, Sindri Blær Jónsson, Sóley Rut Jónsdóttir Bachmann, Sveinn Jóhannsson, Ylfa Dögg Ástþórsdóttir og Þórarinn Óli Jónsson.

Pálmisunnudagur 13. apríl kl 10.30

1. Aldís Sif Sæmundsdóttir, Noregi
2. Alexandra Hafþórsdóttir, Ólafsgeisla 67
3. Árni Geir Óskarsson, Laufríma 3,
4. Ásta Jörunn Smáradóttir, Smáraríma 80
5. Bergþór Atli Halldórsson, Flétturíma 21
6. Birgir Berg Birgisson, Laufríma 61
7. Bjarni Sindri Bjarnason, Sóleyjaríma 39
8. Daniel Þór Bjarkason, Flétturíma 23
9. Erna Kristín Jónsdóttir, Flétturíma 15
10. Gunnar Héðinn Brynjólfsson, Berjaríma 5
11. Hrafnkell Rúnarsson, Flétturíma 12
12. Ingibjörg Ester Árnadóttir, Mosaríma 2
13. Ísak Atli Kristjánsson, Sóleyjaríma 75
14. Pétur Breki Lorange Ásgeirsson, Hrísríma 7
15. Sígíður Rós Pétursdóttir, Berjaríma 23
16. Tristan Ingi Ragnarsson, Gautavík 32
17. Valur Snær Hilmarsson, Iðunnarbrunni 6

Pálmisunnudagur 13. apríl kl 13.30

1. Agnes Ósk Halldórsdóttir, Flétturíma 31
2. Arnar Logi Ágústsson, Reyrengrí 57
3. Arnþór Árni Logason, Rósaríma 1
4. Ágústa Lillý Sigurðardóttir, Tröllaborgum 14
5. Birta Ösp Þórðardóttir, Vættaborgum 42
6. Davíð Guðmundsson, Vættaborgum 46
7. Elís Máni Jónasson, Blikahöfða 18, Mosfellsbæ
8. Elvar Þór Sturluson, Tröllaborgum 7
9. Guðný Margrét Magnúsdóttir, Vættaborgum 59
10. Hulda Berndsen Ingvadóttir, Veghúsum 21
11. Ingunn Birta Ómarsdóttir, Vættaborgum 37
12. Jóel Þór Jóelsson, Gullengr 2
13. Kristófer Arnes Róbertsson, Ljósuvík 13
14. Loftur Guðmundsson, Goðaborgum 10
15. Margeir Óli Guðmundsson, Gullengr 37
16. Sara Dögg Hjaltadóttir, Vættaborgum 63
17. Sólveig Ása Brynjarsdóttir, Laufengr 30



